

---

**1990 nr. 46 8. maí**  
**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina**  
**til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd**  
**samning milli Norðurlanda um aðstoð í**  
**skattamálum**

Tóku gildi 31. maí 1990.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands

hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 7. desember 1989 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *Sjá Stjóð. A 1990, bls. 77–84.*

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. . . .

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.